

Óðinn heimsótti Snæfellsbæ



Gamla varðskipið Óðinn lagðist fyrir utan Ólafsvík fyrir Sjómannahelgina til að taka þátt í fögnuði helgarinnar. Skipið hélt frá Reykjavíkurhöfn þann 29. maí með 19 manns um borð auk Péturs Steinars Jóhannssonar sem sigldi með skipinu vestur. Óðinn er safnskip sem þjónaði Landhelgisgæslu Íslands frá 1960 til 2006. Á föstudagsmorguninn tók Óðinn þátt í minningarathöfn úti á víkinni ásamt bátum frá Ólafsvík og

Rífi. Minnst var látinna sjómanna í athöfninni og blómakransar lagðir á víkina. Óðinn sigldi svo til Ólafsvíkurhafnar ásamt bátunum og var þar til sýnis fyrir almenn-ing á föstudaginn. Mikil umferð var um skipið þar sem fólk kynnti sér starfsemi skipsins og skoðaði sig um. Óðinn sigldi svo úr höfn á laugardagsmorguninn og hélt til heimahafnar í Reykjavík.

Myndina tók Þröstur Albertsson
SJ

Sjómannadagsmót golfklúbbsins Jökuls



Golfklúbburinn Jökull í Ólafsvík hélt 9 holu Sjómannadagsmót á Fróðárvelli. 35 kylfingar mættu til leiks til að byrja sjómannadagshelgina með sveiflu. Brynjar Óttar Jóhannsson fór með sigur úr býtum með 22 punkta, í 2. sæti var Guðbjörn

Sigfús Egilsson með 21 punkt og í 3. sæti var Styrmir Páll Sigurðarson með 21 punkt. Styrktaraðilar Sjómannadagsmótsins voru Valafell, Sjávariðjan, Hafkaup og Hraðfrystihús Hellissands.

SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Fjöldi skoðar branddúfu í Ólafsvík

Þann 21. maí síðastliðinn tóku Sigurður Ágústsson og Rakel Óladóttir eftir óvæntum gest í garðinum sínum við Skipholt í Ólafsvík. Um var að ræða dúfu sem hafði komið sér vel fyrir á snúrastaunum hjá hjónunum. Eftir nokkurn tíma fóru Siggí og Rakel að velta fyrir sér hvaðan dúfan kæmi og kom þá í ljós að gesturinn var branddúfa. Þetta er í fyrsta sinn sem branddúfa, eða *Streptopelia orientalis*, finnst á Íslandi. Varpkynni dúfunnar ná frá Mið-Asíu og austur til Japans og vetrarheimkynni hennar eru þar suður af. Hún er því komin talsvert langt frá heimkynnum sínum hér í Ólafsvík. Það telst til tíðinda að fuglinn finnst í fyrsta sinn á Íslandi í heimagarði í Ólafsvík og hafa fjölmargir lagt land und-

ir fót til þess að bera dúfuna augum eða ná af henni mynd. Siggí segir í samtali við fréttamann að þau hjónin hafi fengið 51 gest í garðinn sem sóttust eftir því að sjá fuglinn og hafa gestirnir sumir ferðast langt að. Til að mynda fengu þau gesti frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Svíþjóð, Neskaupstað, Húsavík og Siglufirði. Branddúfan sást síðast í garðinum við Skipholt sunnudaginn 1. júní eftir að hafa haft aðsetur þar í eina og hálfa viku. Fregnir bærast af því að branddúfan haldi nú til í Skógræktinni í Ólafsvík en þær upplýsingar hafa ekki verið staðfestar.

Myndina af branddúfunni á snúrastaunum tók Eyjólfur Mattíasson.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Fasteignamat hækkar

Húsnæðis og mannvirkjastofnun hefur nú kynnt fasteignamat fyrir árið 2026. Stofnunin reiknar það árlega og birtir í lok maí-mánaðar. Fasteignamati einstakra fasteigna má fletta upp á vefsíðu stofnunarinnar www.hms.is. Fasteignamat á Íslandi hækkaði um 9,2 prósent á milli ára og voru hækkanirnar mestar á Suðurnesjum og á Norðurlandi. Aðferðafræði við útreikning fasteignamats er sambærileg þeirri sem notuð hefur verið síðustu ár og

byggir beint eða óbeint á kaupverði sambærilegra fasteigna. Á næstu 12 mánuðum mun HMS hinsvegar endurskoða aðferðir við gerð fasteignamats atvinnueigna. Í Grundarfirði hækkar fasteignamat að meðaltali um 10,6% á milli ára. Meðaltal á mati íbúðareigna hækkar um 11,8% en mat sumarhúsa mun ekki hækka nema 0,2%. Í Snæfellsbæ hækkar fasteignamat að meðaltali um 9,7%. Mat íbúðareigna hækkar um 11% og sumarhúsa um 6,3%.

JJ



Aukin þjónusta á heilsugæslunni

Kæru bæjarbúar Snæfellsbæjar,

Við á heilsugæslunni í Ólafsvík kynnum með ánægju viðbót á þjónustu okkar á heilsugæslunni.

Á næstu vikum fáum við til okkar kvensjúkdómalækna sem bjóða upp á tíma hér á heilsugæslustöðinni. Hægt er að panta tíma til dæmis í almenna skoðun, lykkju uppsetningar og ýmis flóknari mál sem varða vanda við tíðir eða getnað.

Dagný ljósmóðir heldur áfram að taka sýni fyrir skimun á leghálskrabbameini og hægt er að ræða við heilsugæslulækni eða Viktoríu hjúkrunarfræðing varðandi getnaðarvarnarlyf.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



www.hafkaup.is - Sími: 895-5525



Jón Páll Ásgeirsson úr Akureyjum tók myndina

Þakkir frá áhöfn og hollvinum Óðins

Fyrir hönd áhafnar og hollvina Óðins færum við ykkur einlægar þakkir fyrir hlýhug í okkar garð svo og fyrir höfðinglegar gjafir sem hollvinum voru færðar við komu skipsins til Ólafsvíkur þann 30. maí.

Athöfnin sem við tókum þátt í ásamt sjómönnum ykkar tókst einkar vel, var hjartnæm og áhrifarík og snerti okkur alla sem að henni komu.

Vorum við allir sáttir og glaðir með vel heppnaða ferð er við stigum á land í Reykjavík að ferð lokinni.

V. Magni Óskarsson
skipherra og formaður Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins.

Egill Þórðarson
loftskeytamaður, form. rekstrar- og haffærisnefndar.

Sjómanna dagurinn í Grundarfirði

Helgina 30. maí til . júní var Sjómannahelgi haldin hátíðleg í Grundarfirði. Helgin hófst með sjómannadagsmóti í leirdúfuskotfimi hjá Skotfélagi Snæfellsness á fimmtudeginum. Á föstudagsmorguninn mættu sjómenn í heimsókn á leikskólann Sólvelli með fiskasýningu og smakk fyrir börnin. Sjómannadagsráð bauð svo börnum eldri en 10 ára í sundlaugapartý þar sem farið var í ýmiss konar keppnir og skemmt sér vel. Sjómannadagsgolfmót Guðmundar Runólfssonar var á sínum á Bárarvelli á föstudagskvöldið. Laugardagurinn byrjaði svo á krakkasprelli í Vélsmiðju Grundarfjarðar með hoppuköstulum fyrir börnin. Guðmundur SH fóru með áhugasama í hátíðarsiglingu um fjörðinn í fylgd BS Bjargar og þyrllu Landhelgisgæslunnar. Hátíðardagskrá hófst á hafnarsvæðinu eftir siglinguna, bæði liðakeppni og reipitogskeppni um Pétursbikarinn. Það var lið Stefáns, Gísla Vals, Júlíusar og Pawels sem sigraði liðakeppnina. Í reipitoginu sigruði Dominic, Aron Darek og Adam og hlutu því Pétursbikarinn í ár. Þá var árlegi blakleikurinn í íþróttahúsinu þar sem sjómenn öttu kappi við konur sínar, mæður, systur og enduðu sjómennirnir



uppi sem sigurvegarar. Að kvöldi dags var boðið til dansleiks á Kaffi 59 með hljómsveitinni Snilld. Á sjálfan Sjómannadaginn var börnum boðið á leiksýninguna Hrói Höttur með Leikhópnum Lottu í íþróttahúsinu. Sjómannamessa var haldin í Grundarfjarðarkirkju þar sem Héðinn Rafnsson og Árni Halldórsson, fyrrum sjómenn, voru heiðraðir fyrir störf sín ásamt eigin-

konum sínum og voru þau sæmd heiðursmerki sjómannadagsráðs Grundarfjarðar. Að messu lokinni var svo athöfn við styttna Sýn þar sem blómakrans var lagður til minningar um látna sjómenn. Kvenfélagið Gley mér ei var svo með sinn árlega kökubasar í Samkomuhúsinu sem var vel sóttur en í ár var han í boði G. Run þar sem fyrirtækið fagnar 50 ára afmæli.

Sjómannadagsráð Grundarfjarðar kemur á framfæri þökkum til allra þeirra sem styrktu hátíðina og öllum þeim sem lögðu sitt fram við undirbúning og framkvæmd helgarinnar svo sjómenn ásamt fjölskyldum sínum, öðrum bæjarbúum og gestum gætu skemmt sér yfir helgina.

SJ



Sjómannadagurinn í Snæfellsbæ

Sjómannadagurinn var síðast-liðinn sunnudag, 1. júní og eins og venjan er var deginum fagnað alla helgina. Sjómenn, sjómannskonur og aðstandendur sáu um að skemmta bæjarbúum og gestum alla helgina en dagskráin náði frá fimmtudegi til sunnudags. Helgin hófst á Sjómannadagsmóti GJÓ á Fróðárvelli á fimmtudeginum, áhafnir á bátunum Sveinbjörn Jakobsson SH, Guðmundur Jensson SH, Ólafur Bjarnason SH og Magnús SH fóru með áhugasama í skemmtisiglingu. Eftir skemmtisiglinguna var boðið til grillveislu í Sjómannagarðinum í Ólafsvík þar sem börnin skemmtu sér í hoppuköstul-um og Jóhannes Stefánsson spilaði og söng. Dorgveiðikeppni Sjósnæ var á sínum stað á laugardagsmorguninn, allir þátttakendur fengu þátttöku pening og Kassinn bauð í grillveislu að keppninni lokinni. Liðakeppnin var svo haldin á Ólafsvíkurhöfn, keppt var í kappróðri, þrautakeppni, truckatogi og flekahlaupi. Áhöfnin á Guðmundi Jenssyni tók bikarinn í róðrakeppninni í ár, áhöfnin á Ólafi Bjarnasyni vann reipitogið og Saxhamar fór með sigur í þrautabraitinni. Mjög góð þátttaka var í flekahlaupinu en þar fór Freysteinn Stígsson með sigur úr býtum, Ægir Dór Ægisson lenti



í 2. sæti og Bartłomiej Janewicz var í 3. sæti. Um kvöldið héldu svo hátt í 300 manns á Sjómannahófið í félagsheimilinu Klifi þar sem Galito sá um matinn, Gísli Vegamótaprinsinn sá um veislustjórn og hljómsveitin Bandmenn spiluðu fyrir dansi að borðhaldi loknu. Á Sjómannadaginn sjálfan var Sjómannamessa í Ingjaldshólskirkju og í Ólafsvíkurkirkju og hefðbundin dagskrá í sjómannagörðunum á Hellissandi og í Ólafsvík var á sínum stað. Í Sjómannagarðinum í Ólafsvík hélt Vífill Karlsson hátíðarræðuna og svo voru Sigjón Þórhallsson og Björn Arnaldsson heiðraðir fyrir störf

sín til sjós. Í Sjómannagarðinum á Hellissandi hélt Svandís Eva Aradóttir hátíðarræðuna og Aðalsteinn Ólafsson heiðraður fyrir störf sín til sjós. Helginni var svo að vanda lokað með Sjómannakaffi Slysavarnardeildar Helgu Bárðar og Sumargjafar í Björgunarstöðinni Von á Rífi. Áhafnirnar á Agli SH, Esjari SH, Saxhamri SH, Hrefnu SH og Naustvík SH sáu um skipulag, utanumhald og framkvæmd Sjómannahelgarinnar í ár en að ári verður það í höndum Hildar SH, Sveinbjarnar Jakobssonar SH, Tryggva Eðvarðs SH, Hilmars afa SH og Kára SH.

SJ



Styrkir afhentir á Sjómannadagsmóti G.Run

G. Run hélt sitt árlega Sjómannadags golfmót á Báravelli þann 30. maí. 52 keppendur tóku þátt á mótinu, veðrið lék við keppendur og skemmtu allir sér vel á vellinum sem var hinn flottasti. G. Run bauð svo keppendum upp á veitingar í golfskálanum að mótinu loknu. Gunnar Kristjánsson, formaður Lionsklúbbs Grundarfjarðar var á staðnum ásamt fleiri félögum úr klúbbnum og veittu þeir fulltrúum frá golflúbbnum Vestarr og Skotfélagi Snæfellsness ágóða Kúttmaga-kvölds klúbbsins sem haldið var í vetur. Er þessi styrkur til félaganna til stuðnings uppbyggingu og öflugs starfs. Hlaut hvort félag 1.000.000 króna í styrk frá Lionsklúbbi Grundarfjarðar sem Gunnar Kristjánsson afhenti fyrir hönd klúbbsins. Það voru Jón Pétur Pétursson og Unnsteinn Guðmundsson, fulltrúar Skotfélagsins og Garðar Svansson og Anna María Reynisdóttir, fulltrúar Golflúbbsins Vestarr sem veittu framlögum lionsklúbbsins viðtöku.

Þann 1. júní var svo golflúbbnum færð rausnarleg gjöf frá fyrirtækinu Guðmundi Runólfssyni hf. en í tilefni að 50 ára afmæli fyrirtækisins afhentu eigendur þess Vestarr 6 milljónir króna sem viðurkenningu fyrir gott og öflugt starf í þágu samfélagsins í Grundarfirði. Nú er ár



síðan Golflúbburinn Vestarr tók þá ákvörðun að kaupa land sem golflúbburinn hafði leigt til margra ára sem golfvallarsvæði. Biðlaði klúbburinn til velunnara, félagasamtaka og fyrirtækja um aðstoð við að fjármagna verkefnið. Gerði klúbburinn ráð fyrir að fjármögnun verkefnisins myndi standa yfir í allt að tíu ár og útlit er fyrir að þær áætlanir þeirra muni standast.

SJ

FERMINGARSKEYTI



Lionsklúbbur Ólafsvíkur mun í ár, eins og undanfarin ár, bjóða upp á fermingarskeyti.

Fermt var í Ingjaldshólskirkju 17. apríl og Ólafsvíkurkirkju verður fermt 8. júní.

Hægt er að nálgast skeytapöntunarblöð í Kassanum og á Facebook-síðu Lionsklúbbs Ólafsvíkur

Í Kassanum er hægt að skila skeytapöntunum en að auki er hægt að senda skeytapöntun í tölvupósti á bjossi@hampidjan.is.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímapantanir í síma 436-1111

Guðni er nýr aðstoðarskólastjóri



Guðni Eiríkur Guðmundsson hefur verið ráðinn sem aðstoðarskólastjóri við Grunn-

skóla Snæfellsbæjar og mun hann hefja störf 1. ágúst næstkomandi. Guðni var einn af fjórum sem sóttu um starfið og þótti sá hæfasti. Guðni er með víðtæka og mikla reynslu af skólastarfi, bæði sem kennari og stjórnandi. Hann hefur starfað í grunnskólum í 19 ár, kennt á öllum stigum grunnskólans og sinnt stjórnun í grunnskóla í 11 ár. Guðni mun starfa sem hægri hönd Vilborgar Lilju Stefánsdóttur sem var fyrir skömmu ráðin sem nýr skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar.

SJ



Nýja anddyrið á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri í Ólafsvík verður formlega opnað **þriðjudaginn 10. júní kl. 16:10.**

Anddyrið er hið glæsilegasta og bætir aðstöðu og aðkomu fyrir íbúa og aðra gesti til muna.

Léttar veitingar í boði. Öll velkomin.



Lítið gengur í boltanum

Reynir H. tók á móti liðinu Uppsveitir á Sjómannadaginn á Ólafsvíkuvelli í 5. deild karla. Áður en leikurinn hófst var einnar mínútu þögn þar sem Víglunar Þorsteinssonar var minnst en drengurinn lést af slysförum í Hvítá í Árnessýslu í síðustu viku. Hann var iðkandi í yngri flokkum félags Uppsveita og spilaði liðið því með sorgbönd.

Leikmaður Uppsveita skoraði fyrsta mark leiksins á 28. mínútu en Reynismönnum tókst ekki að jafna þrátt fyrir góða baráttu. Þegar um tíu mínútur voru liðnar af seinni hálfleik skoraði Björn Óli Snorrason mark úr víti fyrir Reyni og jafnaði metin. Það stóð ekki lengi því um fjórum mínútum síðar skoraði leikmaður uppsveita mark sem kom þeim aftur yfir. Fleiri mörk voru ekki skoruð í leiknum og lokastaða því 2-1 fyrir Uppsveitum. Níu gul spjöld fóru á loft í leiknum. Næsti leikur Reynis Hellissands verður einnig á Ólafsvíkuvelli en þeir munu taka á móti Álafoss þann 10. júní. Leikurinn hefst klukkan 20:00 og eru bæjarbúar hvattir til þess að fjölmenna á völinn.

Víkingur Ó. tók á móti Kormákur/Hvöt um liðna helgi á Ólafsvíkuvelli í 2. deild karla. Fyrri hálfleikur var tíðindalítill þrátt fyrir mikla hörku leikmanna. Bæði lið komu sterk og einbeitt til leiks í seinni hálfleik en leikmaður Kormáks/Hvatar tókst að koma þeim yfir með marki á 70. Mínútu. Víkingsmenn reyndu að klóra í bakkann en þeim tókst ekki að setja boltann í netið. Þegar dómariinn flautaði leikinn af var staðan því 1-0 fyrir Kormákur/Hvöt. Víkingar hafa verið að endurnýja samninga við unga leikmenn undanfarið en þeir Asmer Begic, Brynjar Óttar Jóhannsson, Ellert Gauti Heiðarsson og Ingvar Freyr Þorsteinsson hafa allir framlengt samning sinn til eins árs. Næsti leikur Víkinga Ó. er á móti Haukum á BIRTU völlum þann 4. júní klukkan 19:15 og eru öll hvött til þess að mæta á völinn og styðja strákana til sigurs.

Meðfylgjandi mynd er fengin af Facebooksíðu Uppsveita og er tekin við upphaf leiks þeirra við Reyni.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátapjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Vorhreinsun í Snæfellsbæ

Vorhreinsun stendur yfir í Snæfellsbæ frá 30. maí til 16. júní 2025.

Gámar fyrir garðúrgang ásamt gámum með mold hafa verið settir upp á eftirfarandi stöðum:

Ólafsvík: við Dalbraut, í dalnum bak við JE Bílverk

Rif: á túni við grenndarstöð nærri Háarifi 8

Hellissandur: við félagsheimilið Röst

Kraftmolta er í boði í dalnum Ólafsvík. Úrgangi öðrum en lífrænum skal skilað á starfsstöð Kubbs í Ólafsvík, opið þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 15 - 18 og laugardaga frá kl. 11 - 15.

Rusl úr gördum og nærumhverfi verður **ekki** hirt við lóðarmörk. Garðúrgangi skal skila í þar til gerða gáma. Úrgangi skal losa úr pokum eða öðrum ólífrænum ílátum.

